

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Tógó - einhleypir

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Bréf frá umsækjanda | <input type="checkbox"/> Atvinnuvottorð |
| <input type="checkbox"/> Forsamþykki | <input type="checkbox"/> Vegna fráfalls / Guardian statement |
| <input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð | <input type="checkbox"/> Karlkyns fyrirmynd |
| <input type="checkbox"/> Staðfest ljósrit af vegabréfi | <input type="checkbox"/> Afrit af launaseðlum |
| <input type="checkbox"/> Sakavottorð | <input type="checkbox"/> Ljósmyndir |
| <input type="checkbox"/> Staðfesting á hjúskaparstöðu | <input type="checkbox"/> Meðmælabréf |
| <input type="checkbox"/> Sálfræðimat | <input type="checkbox"/> Staðfesting á undirbúningsnámskeiði „Er ættleiðing fyrir mig“ |
| <input type="checkbox"/> Umsögn félagsráðgjafa | |
| <input type="checkbox"/> Læknisvottorð | |

Bréf frá umsækjanda: Þetta er bréf frá þér þar sem þú segir frá ástæðum þess að þú vilt ættleiða og frá þér sjálfum og þínu lífi. Einnig þarf að koma fram óskir um aldur barns. Undirrita þarf bréfið. Stíla skal bréfið á forseta undirréttar í Lomé eða **Président du tribunal de Première Instance, Première Classe de Lomé**.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar ljósritin til staðfestingar.

Sakavottorð: Sækja má um sakavottorð í afgreiðslum allra sýslumanna. Framvísa þarf persónuskilríkjum og fullgildu umboði frá umsækjanda ef sótt er um fyrir annan.

Staðfesting á hjúskaparstöðu: Útgefið af Þjóðskrá.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

Sálfræðimat: Óla Björk Eggertsdóttir, sálfræðingur sími: 896-0863

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjanda. Í vottorðinu þarf að koma fram að þú sért heilbrigð líkamlega og andlega og að ófrjósemi sé ástæða þess að þú vilt ættleiða.

Karlkyns fyrirmynd: Umsækjandi þarf að sýna fram á vilja til að velja karlkyns fyrirmynd fyrir barnið.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

Vegna fráfalls / Guardian statement: Bréf um þann sem mun annast barnið ef þú fellur frá. Í bréfinu þarf að vera lýsing á viðkomandi, starfi og fjárhagsstöðu og það þarf að vera undirritað af viðkomandi.

Afrit af launaseðlum: Afrit af síðustu þremur launaseðlum.

Ljósmyndir: Myndir af ykkur og heimilinu. Tvær myndir af heimilsfólki, tvær af húsinu að utan, fjórar af heimilinu og heimilsfólkinu í daglegum störfum. Ef barn er á heimilinu þá þarf að senda mynd af barnaherberginu.

Meðmælabréf: Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja ykkur/þig vel.

Staðfesting á að umsækjandi hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjandi hefur lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Þegar umsækjandi hefur safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina. Þá lætur umsækjandi löggiltan þýðanda þýða umsóknina yfir á frönsku.

Þegar umsóknin hefur verið þýdd er komið með umsóknina á skrifstofu ÍÆ. ÍÆ útbýr fylgiblað og staðfestir umsóknina með undirskrift. Því næst fer umsækjandi með umsóknina og fylgiblaðið og lætur notarius publicus stimpla hana hjá sýslumannsembættinu.

Þegar því líkur er komið með umsóknin á skrifstofu ÍÆ sem sér um að láta staðfesta umsóknina hjá utanríkisráðuneytinu.

Þá er umsóknin send til dómsmálaráðuneytisins sem sendir svo umsóknina ásamt fylgibréfi til Tógó.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, með undirritun og stimplun og mega ekki vera eldri en **þriggja mánaða**. Barnaverndarskýrsla og sálfræðiskýrsla má vera **ársgömul**.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjanda og lætur vita.